



Fundargerð fræðslunefndar 17. ágúst 2016

Fundur haldinn í fræðslunefnd miðvikudaginn 17. ágúst 2016

kl. 17:00 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Jón Haraldsson, Ingvar Eðvarðsson. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson, Svava Birna Stefánsdóttir,

Sandra Konráðsdóttir, Else Möller og Hafrún Róbertsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Starfsmannamál – kennslufyrirkomulag og kennslustundafjöldi Vopnafjarðarskóla 2016-17.

Skólastjóri fór yfir málið. Breytingar hafa ekki orðið á kennaraliði skólans. Ekki tókst að ráða réttindakennara í íþróttakennslu og heimilisfræðikennslu þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.

Nokkrar breytingar verða á skólaliðum við skólann. Auglýst var í sumar og bárust margar umsóknir. Birna og Arlette verða áfram í 100% starfi. Þá voru ráðin Helga Jakobs í 80% starf, Nína Halldórsdóttir í 50% og Sigurður Donis í 30%, hann mun m.a. aðstoða Baldur við gæslu á efri hæðinni.

Í vetur starfa 2 stuðningsfulltrúar í 85% stöðum. Þar gæti þó hugsanlega þurft að bæta við.

Nemendafjöldi er svipaður og í fyrra 85 nemendur.

Í samkenndlunni verða þær breytingar að það verður meiri samkenndsla í 1.- 6. bekk, en minni í eldri bekkjunum. Samtals eru 288 kennslustundir, þar af 6 í námsráðgjöf og 29 sérkenndslutímar.

Meðfylgandi er samantekt skólastjóra á kennarastundum, samkenndslu áfanga, öðrum störfum, fjölda nemenda í skólaakstri og fjöldi í hverjum bekk.

3. mál

Skóladagatal Brekkubæjar – Sandra.

Sandra fór yfir dagatalið. Settir hafa verið á 4 starfsdagar annað óbreytt.

Dagatalið samþykkt af hönd fræðslunefndar.

4. mál

Starfsmannamál á Brekkubæ – Sandra.

Þær ánægjulegu breytingar hafa orðið síðan í fyrra að nemendum hefur samtals fjölgað um 9. Þetta leiðir til þess að ekki þarf að breyta starfshlutfalli kennara eins og ráð var fyrir gert.

Sigurveig Hreinsdóttir kemur inn sem skólaliði í 100 % starf.

5. mál

3ja ára sumarfrí – áætlun fyrir Brekkubæ – Sandra.

Nú í ár var gerð tilraun að leifa tilvonandi grunnskólabörnum að koma inn í leikskólann aftur eftir sumarfrí, þar sem sumarfríið var mjög snemma í ár. Sú tilraun var ekki að koma nógu vel út fyrir starf leikskólans.. Þá skarast aðlögun nýrra barna og skipti milli deilda sem gerir starfið mun þyngra í vöfum.

Leikskólinn hefur sett upp plan fyrir sumarfrí næstu 3 árin, sem verður kynnt foreldrum á næstunni:

2017 6. júlí – 10. ágúst

2018 12. júlí – 16. ágúst

2019 18. júlí – 22. ágúst

Verður þetta síðan látið rúlla til baka aftur 2020 o.s.fv.

Fundarmönnum leist vel á þetta. Samþykkt af hálfu fræðslunefndar.

6. mál

Málefni skólaskrifstofu vegna Brekkubæjar.

Umræður voru um þjónustu skólaskrifstofu Austurlands við leikskólann Brekkubæ. Gott væri ef eftirfylgni skólaskrifstofu við einstaka nemendur og kennara sem þeim sinna gæti verið meiri. Einnig að gott væri ef bið eftir úrlausnum verði mun styttri en nú er auk þess sem skýrslum frá skólaskrifstofu verði skilað fljótar en nú er gert.

Formanni falið að ræða við skólaskrifstofu.

7. mál

Málefni Tónlistarskóla og bókasafns – Fanney.

Fanney greindi frá því eftir samtal við Margréti að allt væri í góðu lagi á bókasafninu.

Varðandi Tónlistarskólann kom fram að miklar líkur eru á því að Baldvin Eyjólfsson kenni áfram við skólann. Það mál er í vinnslu.

8. mál

Aðkoma fræðslunefndar að nýsstofnaðri framhaldsskóladeild.

Bjarney Jónsdóttir nýráðinn forstöðumaður deildarinnar kom á fundinn og fræddi okkur um stöðu mála. Hún sagði okkur frá því að hún hafi rætt við skólameistara um aðkomu fræðslunefndar að deildinni, þar kom fram að deildin fellur undir skólanefnd Laugaskóla, en Vopnafjarðarhreppur sér um allt sem fellur undir rekstur húsnaðis deildarinnar. Nefndin telur að halda verði sérstaklega vel utan um félagsmál þessa hóps og stingur uppá að þau falli undir íþrótt og æskulýðsnefnd Vopnafjarðarhrepps. Þá er bent á að vel gæti farið á því að athuga með stofnun Ungmennaráðs í Vopnafirði.

Þá var samþykkt að fræðslunefnd Vopnafjarðar hafi ekki aðkomu að þeim hlutum er snúa að Vopnafjarðarhreppi í samningi um framhaldsskóladeildina nema sveitarstjórn leggi annað til.

Austurbrú hefur frá upphafi verið stuðningsaðili þess að koma upp deildinni og mun leggja til fjarfundarbúnað ef þarf. Deildin verður til húsa í Kaupvangi. Bjarney greindi frá því að formleg setning deildarinnar verði fimmtudaginn 8. sept. kl. 15:00.

9. mál

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í bréfinu er ábending til skólanefnda um kosnað vegna námsgagna. Sambandið beinir þeim tilmælum til skólanefnda og skólaskrifstofa að þær skoði þessi mál í sínu sveitarfélagi og leitast verði við að halda kostnaði vegna ritfanga grunnskólanemenda í lágmarki. Nefndarmenn töldu að hér séu þessi mál í nokkuð góðu lagi og þessum kaupum stillt í hóf. Nefndin mun halda áfram að fylgjast með þróun þessa máls á landsvísu og bregðast við sé þess þörf.

Önnur mál

Leikskólagjöld –Fanney

Fanney reyfaði málið og var það nokkuð rætt, en ekkert samþykkt eða bókað.

Einnig minntist Fanney á “viðhaldsbók” sem var talað um á síðasta ári að gera. Ekkert hafði gerst í því máli. Formaður lagði áherslu á það að þessu verkefni yrði lokið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00

Hafþór Róbertsson